

**Ed.**

**1016. Nefndarálit**

**[431. mál]**

um frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Pó að frumvarp um virðisaukaskatt væri tilbúið í haust var það ekki lagt fram fyrr en á síðustu dögum þingsins og hefur því ekki fengið nógu rækilega meðferð að mati minni hl. Því er tillaga minni hl. sú að frumvarpið verði fellt. Minni hl. mun síðan fyrir 3. umr. málsins leggja fram breytingartillögur við frumvarpið ef í ljós kemur að það verður samþykkt við 2. umr.

Minni hl. lýsir beinni andstöðu við frumvarpið um virðisaukaskatt á eftirfarandi meginforsendum:

**Að framlengja illræmdan matarskatt og leggja skatt á menninguna.**

Með lögfestingu virðisaukaskatts er gert ráð fyrir því að framlengja hinn illræmda matarskatt sem lagður var á af núverandi ríkisstjórn og hefur í för með sér 6000 milljóna króna skattheimtu af almenningi í landinu.

Þá er gert ráð fyrir sérstakri og víðtækri skattlagningu á menningarstarfsemi í þessu frumvarpi. Er þar gengið lengra en í virðisaukaskatti grannlanda okkar.

**Gegn virðisaukasatti í einu þrepi.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að leggja virðisaukaskattinn á með einni prósentu, þ.e. að hafa sömu skattprósentu á öllum vörum og allri þjónustu. Þessu mótmælir minni hl. og bendir á að í aðildarríkjum OECD er oftast um fleiri en eina prósentu að ræða og þar er matur sums staðar undanþeginn að fullu, jafnvel í Bretlandi.

Þess ber að geta að Alþýðusamband Íslands lagðist sérstaklega gegn frumvarpinu um virðisaukaskatt á þeirri forsendu að skattinn ætti að taka með flatrí prósentu yfir línuna.

### Á annað hundrað ný störf í skriffinnsku.

Með upptöku virðisaukaskatts eykst hvers konar skriffinnsku stórkostlega. Þannig er gert ráð fyrir því að *starfsmenn skattstofanna verði tvisvar sinnum fleiri en nú er*. Enn fremur er gert ráð fyrir stórfelldri fjölgun framteljenda frá því sem er í söluskattkerfinu.

Samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar sjálfrar er fjölgun framteljenda frá söluskatti til virðisaukaskatts sem hér segir:

Atvinnugrein	Fjöldun framteljenda
Landbúnaður .....	5 000
Fiskveiðar .....	1 450
Fiskiðnaður .....	600
Byggingar .....	3 000
Samgöngur .....	1 500
Annað .....	2 500
<b>Fjöldun alls</b>	<b>14 050</b>

Það er því ljóst að upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér verulega skriffinnsku — fyrst hjá opinberum aðilum þar sem *skattheimtumönnum fjölga úr 35 í 70 og einnig hjá þeim telja fram en þar fjölga ársverkum ekki minna en hjá opinberum aðilum*. Því má gera ráð fyrir að upptaka virðisaukaskatts skapi að *minnsta kosti 100 ný störf úti í þjóðfélaginu* og auki einnig vinnuálag fyrirtækjanna, einkum smáfyrirtækjanna og einyrkjanna sem hafa síður yfir að ráða þjálfun eða þekkingu á bókhaldsverkefnum.

Minni hl. telur að fjölgun framteljenda samkvæmt þessum gögnum ríkisstjórnarinnar sé stórlega vanmetin.

### Gegn smærri fyrirtækjum.

Samkvæmt upplýsingum sem minni hl. hefur aflað sér liggur fyrir að svört atvinnustarfsemi í Danmörku hefur aukist eftir að virðisaukaskatturinn var tekinn upp. Þar liggja einnig fyrir rannsóknir á því að þessi skatttegund leggst þyngst á barnmargar fjölskyldur og þá sem hafa þunga framfærslubyrði. Að sama skapi er það mat nágranna okkar að virðisaukaskatturinn komi best út fyrir þá efnaðri í þjóðfélaginu. Þar hefur enn fremur verið bent á að eftir að virðisaukaskattur var á lagður hafa gjaldþrot smáfyrirtækja verið tíð vegna þess að forráðamenn þeirra ráða ekki við alla þá skriffinnsku sem kerfið gerir ráð fyrir. Þetta er sérstaklega alvarlegt þar sem smáfyrirtæki eru hlutfallslega fleiri hér á landi en annars staðar.

Allir ættu að sjá hve fráleitt það er að ætla hverjum einasta einyrkja, bónda, bílstjóra eða trillukarli að halda smásmugulegt bókhald yfir hvert einasta viðvik. Ekki verður þetta síður fráleitt gagnvart nýrri atvinnustarfsemi sem er að hasla sér völl, oft með hluta starfs til að byrja með. Hér er því verið að leggja á skatt sem byggist á kerfi sem er fjandsamlegt nýjungum í atvinnulífinu og þeirri einyrkjastarfsemi sem alltaf hlýtur að verða stór þáttur atvinnulífs á Íslandi. Hér er verið að apa eftir milljónaþjóðum eins og oft áður í skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar í vetur.

Það er enn fremur ljóst að ekkert liggur fyrir um að þessi tegund óbeinna skatta skili sér betur í ríkissjóð en söluskatturinn. Vissulega er söluskattskerfið gallað. En nær hefði verið að leggja vinnu í nýtt kerfi óbeinna skatta á Íslandi en að apa það eftir milljónaþjóðunum eins og hér er gert.

#### **Ný byrði á húsbýggjendur: 200 til 300 millj. kr.**

Virðisaukaskattur hækkar verð á íbúðarhúsnæði, fyrst á nýju húsnæði og síðan almennt. Þetta er viðurkennt í athugasemdum með frumvarpinu. Virðisaukaskattur mun leggjast á vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað, en sú vinna er nú undanþegin söluskatti. Þetta hefur í för með sér 5–7% hækkun byggingarkostnaðar. Þannig hækkar ný íbúð sem nú kostar um 4 millj. kr. um 200–300 þúsund krónur. Og heildartekjuauki ríkissjóðs af húsbýggjendum nemur með þessum hætti hundruðum milljóna króna. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að þessi tekjuauki ríkisins verði endurgreiddur húsbýggjendum en ekkert liggur fyrir um það nákvæmlega hvernig að því verður staðið. Það er því ljóst að óbreytt hefur þetta frumvarp í för með sér lakari kjör fyrir húsbýggjendur og skerðingu á kjörum þeirra. Þeir eru gerðir að sérstökum skattstofni.

#### **Illu undirbúið mál, viðurkennt af stjórnarflokkum.**

Hér hafa verið tíndar fram nokkrar ástæður þess að minni hl. er andvígur frumvarpi þessu. Fleira mætti tína til og verður það gert nánar í umræðum um málið. Skal þó bent á eitt atriði sem vegur þungt en það er sú *tillitslausa innheimta skatta af menningarstarfsemi sem frumvarpið gerir nú ráð fyrir*.

Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með viðbrögðum stjórnarflokkanna við þessu máli. Þingmenn allra flokkanna eru meira og minna andvígir málinu. Þess vegna neyddist fjármálaráðherra til að mismuna málinu gegnum stjórnarflokkana þannig að það er í rauninni aðeins hálfafgreitt og fjöldi óleystra vandamála bíður úrlausnar. Hér er ekki um að ræða tæknileg vandamál heldur líka pólitísk vandamál.

Dæmi:

1. Skattprósantan óafgreidd: Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skatturinn verði 22%. Í nefndarálini meiri hl. er þetta meginatriði talið eitt þeirra vafaatriða sem verði að athuga nánar.
2. Reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af byggingarstarfsemi er vísað til embættismannanefndar.
3. Reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af orkugjöfum til hitunar íbúðarhúsnæðis er vísað til sérstakrar nefndar.
4. Reglum um skattskil fiskveiða og fiskvinnslu er vísað til nefndarvinnu.
5. Reglum um virðisaukaskatt af menningar- og listastarfsemi er vísað til nefndarvinnu.
6. Reglum sem „tryggja jafnræði í samkeppni einkaaðila og opinberra aðila“ er vísað til nefndar.
7. Reglum um skatt af útgáfu tímarita er vísað til nefndar.
8. Reglum um skattskil af viðskiptum bænda og afurðastöðva er vísað til nefndar, svo og öðru sem varðar landbúnað sérstaklega.
9. Reglum um gjaldfrest af innflutningi er vísað til nefndar.
10. Reglum um virðisaukaskatt af fólksflutningum er vísað til nefndar.

Eins og sést af þessum tíu dæmum er ljóst að meiri hl., stjórnarflokkarnir, viðurkennir að málið er illa undirbúið og að ekki eru neinar forsendur fyrir því að afgreiða það. Þar eru tæknileg atriði í lausu lofti og hið sama er einnig að segja um pólitísk grundvallaratriði. Því væri það öllum fyrir bestu að máli þessu verði hafnað.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykkt nefndaráliti þessu.

Alþingi, 4. maí 1988.

Svavar Gestsson,  
frsm.

Júlíus Sólnes.